



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 3. desember 2025

SFS25100158

MINNISBLAÐ

Staðfesting starfsáætlana grunnskóla Reykjavíkurborgar skólaárið 2025 – 2026

Samkvæmt 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er eitt af meginhlutverkum skólanefndar sveitarfélags að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert. Skóladagatöl eru hluti af starfsáætlun skóla. Skóladagatöl allra grunnskóla borgarinnar voru lögð fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar á fundi skóla- og frístundaráðs 26. maí 2025 en starfsáætlanir eru nú lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Eftirfarandi grunnskólar í Reykjavík hafa skilað inn starfsáætlunum fyrir starfsárið 2025 -2026:

Austurmiðstöð: Árbæjarskóli Ártúnsskóli Borgaskóli Dalskóli Engjaskóli Foldaskóli Hamraskóli Húsaskóli Ingunnarskóli Klébergsskóli Norðlingaskóli Rimaskóli Selásskóli Sæmundarskóli Víkurskóli	Vesturmiðstöð: Austurbæjarskóli Barnaskóli Hjallastefnunnar Grandaskóli Hagaskóli Háteigsskóli Hlíðaskóli Melaskóli Skóli Ísaks Jónssonar Suðurhlíðarskóli Tjarnarskóli Vesturbæjarskóli
Suðurmiðstöð: Breiðholtsskóli Fellaskóli Hólabrekkuskóli Seljaskóli Ölduselsskóli	Norðurmiðstöð: Álftamýrarskóli Breiðagerðisskóli Fossvogsskóli Hvassaleitisskóli Laugarnesskóli Langholtsskóli Réttarholtsskóli Vogaskóli Brúarskóli Klettaskóli Waldorfskólinn Sólstafr



Samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008 á skólaráð hvers grunnskóla að fjalla um árlega starfsáætlun skólans. Skólaráð eru um þessar mundir að fjalla um starfsáætlanir og staðfestingar varðandi það að berast og verður gengið markvisst á eftir því að þær skili sér. Starfsáætlanirnar hafa verið lesnar yfir af fagstjórum grunnskóla í miðstöðvunum með hliðsjón af til þess gerðum gátlista.

Samkvæmt kafla 12.1 í aðalnámskrá grunnskóla eiga að vera í starfsáætlun grunnskóla ýmsar áætlanir og upplýsingar um skólastarfið sem skólar hafa aðgengilegar á heimasíðum sínum.

